



Innviðaráðuneytið
b.t. skrifstofu samgöngu- og fjarskiptamála
Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 20. desember 2024

Efni: Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit

Samtök iðnaðarins („SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit („drögin“).

Samtökin fagna því, sem fram kemur á samráðsgátt, að leitast hafi verið við að gera eingöngu nauðsynlegar breytingar, m.t.t. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1054 frá 15. júlí 2020 um breytingu á m.a. reglugerð (EB) nr. 561/2006, og ganga ekki lengra en nauðsyn krefur. Þó telja samtökin tækifæri til úrbóta hvað það varðar.

Með 8. gr. draganna er lagt til að hraði afhendingar verði einn af þeim þáttum sem flytjanda er óheimilt að miða laun ökumanns við skv. 14. gr. nógildandi reglugerðar nr. 605/2010 („reglugerðin“). Í 16. gr. reglugerðarinnar kemur fram að flytjandi beri ábyrgð á brotum ökumanns í þjónustu hans, sem falla undir 14. og 15. gr. Samtökin benda á að undarlegt er að vísa til brota ökumanns sem „falla undir 14. og 15. gr.“ þar sem umrædd ákvæði varða skyldur flytjanda en ekki ökumanns. Hvað varðar hraða afhendingar, og þá mögulegan hraðakstur ökumanns, telja samtökin ótækt að gera flytjanda ábyrgan fyrir brotum vegna þessa, að því gefnu að flytjandi hafi sannanlega ekki tengt laun starfsmannsins við hraða afhendingar eða hvatt til óraunhæfs afhendingartíma með öðrum hætti. Flytjandi getur með engu móti ábyrgst hraða ökumanns þegar á hólminn er komið. Það myndi einnig, að mati samtakanna, vera til þess fallið að draga úr varnaðaráhrifum viðurlaga við umferðarlagabrotum enda óeðlilegt með öllu að ökumaður beri ekki sjálfur ábyrgð á eigin aksturslagi.

Í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006, sem reglugerðin byggir m.a. á, segir að aðildarríkjum sé heimilt að takmarka fyrrnefnda ábyrgð flytjenda við það að flytjandi hafi gerst brotlegur við ákvæði sem samsvara 14. og 15. gr. reglugerðarinnar. Í 2. tl. 16. gr. reglugerðarinnar segir að taka skuli tillit til allra hugsanlegra sannana um að ekki sé réttmætt að draga flytjanda til ábyrgðar fyrir brotið. Samtökin telja hins vegar að rétt væri, með vísan til framangreinds, að kveða skýrt á um að ábyrgð flytjanda takmarkist við að hann hafi sannanlega gerst brotlegur við fyrrnefnd ákvæði. Samtökin hvetja ráðuneytið því til að taka það til skoðunar.

f.h. Samtaka iðnaðarins,


Eyrún Arnarsdóttir,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði